



Hafnarfjarðarkaupstaður  
b.t. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir bæjarstjóri  
Strandgötu 6  
220 HAFNARFIRÐI

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 7. mars 2013  
Tilv.: IRR12110113/18.14.3

#### Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnámsins veitir ríkissjóður árlega framlag að fjárhæð 520,0 m.kr. vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga annast úthlutun og greiðslur framlagsins á grundvelli reglugerðar, nr. 23/2013, um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, sem sett var af innanríkisráðherra að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.


Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011 um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skuldbinda sveitarfélögin sig á móti til að taka tímabundið yfir ný verkefni frá ríki sem nema 230,0 m.kr. á ársgrunni að meðaltali. Heildargreiðslur þeirra verkefna sem sveitarfélögin taka yfir nema 498,0 m.kr. yfir samningstímann, þ.e. frá 1. júlí 2011 til 31. ágúst. Nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar á viðkomandi lögum í tengslum við samkomulagið.

Á grundvelli samkomulagsins frá 5. október 2011 var Jöfnunarsjóði sveitarfélaga falið að innheimta hlutdeild hvers sveitarfélags í þessum nýju verkefnum á grundvelli íbúafjölda með því að draga kostnað hvers sveitarfélags frá greiðslum á framlögum sjóðsins.

Á árinu 2013 er um eftirfarandi verkefni að ræða á grundvelli samkomulagsins frá 5. október 2011:

- Vistheimilið Bjarg, 60,3 m.kr.
- Varasjóður húsnæðismála, samtals 50,0 m.kr. (að meðtöldum 20,0 m.kr. sem sveitarfélög hafa greitt frá og með árinu 2010 á grundvelli samkomulags frá 23. nóvember 2010)
- Sumardvalarheimili í Reykjadal, 27,8 m.kr.
- Endurmenntunarsjóður grunnskóla, 29,9 m.kr.
- Námsgagnasjóður vegna sérstakra fræðsluverkefna, 40,0 m.kr.
- Tölvumiðstöð fatlaðra, 8,4 m.kr.

Á árinu 2013 er því um að ræða verkefni, samtals að fjárhæð 216,4 m.kr. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga mun innheimta hlutdeild sveitarfélagsins í framangreindum verkefnum á grundvelli íbúafjölda, sem var 26.808 1. janúar 2013.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	21.3.2013
Málsnr:	1204087
Bréfa:	032.1

Innheimtan, sem fram fer á tímabilinu mars - ágúst, nemur samtals **18.024.313 kr.** mun fara fram af greiðslum til sveitarfélagsins vegna **útgjaldajöfnunarframlaga eða almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla**, í fyrsta sinn nú í lok mars og síðan sem hér segir:

- Í lok mars vegna Vistheimilisins Bjargs 5.022.486kr.
- Í lok apríl vegna Varasjóðs húsnæðismála 4.164.582 kr.
- Í lok júní vegna Sumardvalarheimilis í Reykjadal 2.315.508 kr.
- Í lok júní vegna Endurmenntunarsjóðs grunnskóla 2.490.420 kr.
- Í lok ágúst vegna Námsgagnasjóðs 3.331.666 kr.
- Í lok ágúst vegna Tölvumiðstöðvar fatlaðra 699.650 kr.

Til nánari upplýsinga fyrir sveitarfélög verður útbúið sérstakt svæði á vefsíðu sjóðsins: jofnunarjodur.is, undir *Styttu þér leið/ Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga*, þar sem fram munu koma upplýsingar um framangreinda innheimtu af tilgreindu framlagi sjóðsins til sveitarfélagsins í viðkomandi mánuði.

Fyrir hönd ráðherra

  
Elin Pálsdóttir

  
Elin Gunnarsdóttir